



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 26. júlí 2023
MÍ202307-0106/ 6.09 / M.A.S.

Efni: Vesturbyggð. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Selárdal

Með tölvupósti dagsettum 26. maí 2023 óskaði Ólafur J. Engilbertsson eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um óverulega breytingu á deiliskipulagi Selárdals, dagsett 25. maí 2023. Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundabyggða í Selárdal. Bætt er við stígatengingu frá Brautarholt niður í fjöru í Selárdal. Legan getur tekið breytingum við nánari útfærslu. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags.

Tvær skráðar minjar eru í og við fyrirhugaða stígagerð. Annarsvegar er það garður (140464-178-120) sem er austan við safnahúsin í Selárdal. Hinsvegar er það túngarður(140464-178-117) sem er um 120 metra norðaustur frá safnahúsunum og stígurinn virðist eiga að liggja yfir.

Vakin er athygli á því að skv. 21 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Minjastofnun Íslands veitti umsögn þann 25. júlí síðastliðinn þar sem farið var framá að Prýla yrði sett yfir túngarðinn til að hlífa honum. Eftir ábendingar þar sem bent var á að ekki er áætlað að fara úti jarðrask við stígagerðina, heldur verði leiðin einungis stikuð, gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna, en fer framá að fylgst verði vel með álagi á minjar og viðeigandi aðilum tilkynnt um allar breytingar!

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúa (oskar@landmotun.is)

Ólafi Jóhanni Engilbertssyni (olafur@sogumidlun.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is